



Félags löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 135/596
komudagur 30.11.2007

Reykjavík 29. nóvember 2007
Tilv. FLE 17-2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
108 Reykjavík

b/t Eiríks Áka Eggertssonar, nefndarritara

**Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt, 42. mál,
íþróttastyrkir og heilsuvernd.**


Með bréfi dags. 19. nóvember s.l. óskaði Efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE.

Álitsnefndin tók málið síðan til umfjöllunar og taldi hún að ekki væri tilefni til sérstakrar umsagnar um það af hálfu Félags löggiltra endurskoðenda.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda


Gunnar Sigurðsson
Faglegur framkvæmdastjóri FLE

Alþingi
Erindi nr. P 135/737
komudagur 4.12.2007



Hagstofa Íslands

3. desember 2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Efnahags- og skattanefnd Alþingis, 42. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, bréf nefndarinnar 19. nóvember 2007

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur leitað umsagnar Hagstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 þess efnis að kostnaður, sem lögaðili ber og miðar að því að tryggja betri heilsu starfsmanna, verði frádráttarbær frá skatti.


Hagstofan álitur að efni frumvarpsins tengist ekki verksviði hennar á beinan hátt og umsögn um það sé því ekki á færi hennar.

F. h. r.

ÍSÍ ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS
THE NATIONAL OLYMPIC AND SPORTS ASSOCIATION OF ICELAND

Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík,

Sími/Tel. +354 514 4000, Fax +354 514 4001, isi@isisport.is, www.isisport.is, www.olympic.is



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/667
komudagur 3.12.2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

28. nóvember 2007

Varðar: Umsögn Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands um frumvarp til laga um tekjuskatt, 42. mál, íþróttastyrkir og heilsuvernd.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ fagnar þessu frumvarpi og mælir með samþykkt þess enda er það liður í að auka hreyfingu og þá um leið lýðheilsu landsmanna.

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands

Ólafur Rafnsson
forseti

Líney R. Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri

ÓLYMPIUFJÖLSKYLDAN

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/739
komudagur 4.12.2007



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30.11.2007
Tilv. 164/2006 - 1.05.02
JHÁ

**Efni: Umsögn Lýðheilsustöðvar um frumvarp til laga um tekjuskatt, 42. mál,
íþróttastyrkir og heilsuvernd**

Lýðheilsustöð fagnar frumvarpi um að fyrirtæki fái niðurfellingu tekjuskatts vegna íþróttastyrkja og heilsuverndar.

Eins og segir í greinargerð með frumvarpinu er aukin hreyfing og heilsuefning á vinnustöðum líkleg til að bæta heilsu starfsmanna og lækka þar með kostnað fyrirtækja. Með þessum rökum má fallast á að peningar sem varið er til heilsuefningar og í íþróttastyrki séu gjöld sem ganga til að afla tekna fyrir fyrirtækið.


Í þjóðfélagi þar sem fólk situr sífellt meira við vinnu er dagleg hreyfing einn þeirra þátta sem er hvað mikilvægast að auka heilsunnar vegna. Rannsóknir hafa leitt í ljós að vinnustaðir, sem stuðla að meiri hreyfingu starfsfólks, eru m.a. líklegir til að uppskera:


- þrekmeira og heilsuhraustara starfsfólk
- færri veikindadaga og lægri slysatíðni
- minni starfsmannaveltu og meiri framleiðni

Þessu til stuðnings má nefna að í tengslum við kanadíska verkefnið *Active Living at Work* (Active Living at Work: <http://www.phac-aspc.gc.ca/pau-uap/fitness/work/index.html>) hefur verið safnað ýmsum gagnlegum upplýsingum um heilsuefningarverkefni sem hafa falið í sér meiri hreyfingu. Þar kemur meðal annars fram að fjárhagslegur ávinningur fyrirtækja, sem farið hafa í slík verkefni, hefur verið allt frá rúmum dollara á móti dollara upp í margfaldan hagnað.

Auk niðurfellingar á tekjuskatti til fyrirtækja væri mjög hvetjandi fyrir starfsfólk ef hlunnindaskattur vegna heilsuræktarstyrkja væri líka niðurfelldur. Þetta er líklegt til að styðja starfsmenn enn frekar til heilsuræktar.

Virðingarfyllst


Þorólfur Þórlindsson
forstjóri


Gígja Gunnarsdóttir
verkefnastjóri hreyfingar



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 135/914
komudagur 11.12.2007

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,

Dagsetning
10. desember 2007

Tilvísun
A-8
LÖ/bb

150 REYKJAVÍK

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 19. nóv. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um tekjuskatt, 42. mál, íþróttastyrkir og heilsuvernd.

Í nefndu frumvarpi er lagt til að kostnaður, sem lögaðili ber og miðar að því að tryggja heilsu starfsmanna, svo sem með forvarnaraðgerðum, læknisskoðunum og framlögum til starfsmanna til íþróttaiðkana, verði frádráttarbær frá tekjuskatti.

Með hliðsjón af lögbundnu hlutverki Ríkisendurskoðunar telur stofnunin hvorki rétt né eðlilegt að hún taki afstöðu til umrædds frumvarps.

Sig. Þor. [Signature]

Alþingi

Erindi nr. P 135/740

komudagur 4.12.2007 DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. desember 2007 02-2007110289
T-ums 22/07

Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum - íþróttastyrkur og heilsuvernd - 42. mál.

Ríkisskattstjóri hefur þann 20. nóvember 2007 móttengið bréf yðar dagsett þann 19. sama mánaðar þar sem óskað er eftir að embættið veiti umsögn sína um frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að breyting verði gerð á A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna þannig að heimilt verði að draga frá tekjum móttækinn íþróttastyrk frá atvinnurekanda. Launþegar sem fá greidda slíka styrki myndu þannig ekki greiða tekjuskatt af slíkum styrk. Þá er gert ráð fyrir því í 2. gr. frumvarpsins að lögaðilum sé heimilt að telja til rekstrarkostnaðar þann kostnað sem miðar að því að tryggja heilsu starfsmanna svo sem af forvarnaraðgerðum og lækni skoðunum og framlögum til starfsmanna til íþróttaiðkana. Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að ráðherra setji nánari reglur um frádráttinn.

Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu kemur fram að megintilgangur frumvarpsins sé að stuðla að betri heilsu landsmanna með þátttöku atvinnurekenda í kostnaði sem leiða ætti til lægri útgjalda ríkissjóðs til heilbrigðismála.

Ríkisskattstjóri leyfir sér að benda á að sú almenna stefna hafi verið við lýði frá upptöku staðgreiðslukerfis opinberra gjalda fyrir 20 árum síðan að frádráttarliðir einstaklinga utan atvinnurekstrar væru sem fæstir og var jafnframt gerð gangskör að því við upptöku staðgreiðslulaganna að fella niður marga þá frádráttarliði, sem safnast höfðu upp í tíma rás. Með núverandi skattframkvæmd er stefnt að því að hafa einfalt og gagnsætt skattkerfi. með fáum frádráttarheimildum og þannig skapast grundvöllur til að hafa skattstofninn sem breiðastan en skatthlutföllin sem lægst. Auknar heimildir til frádráttar, hvort sem það er hjá einstaklingum utan rekstrar eða rekstraraðilum, eru til þess fallnar að flækja skattframkvæmd og gera skatteftirlit erfiðara - auk þess sem slíkt er brotthvarf frá fyrri stefnumörkun.

Þá bendir ríkisskattstjóri á að í 7. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er kveðið á um, að til rekstrarkostnaðar teljist kostnaður við almenna fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og almenna heilsuþjónustu. Ennfremur eru íþróttastyrkir frádráttarbær rekstrarkostnaður enda teljast þeir til skattskyldra tekna sem laun hjá móttakanda. Þannig geta lögaðilar og einstaklingar í rekstri gjaldfært í rekstri sínum þann kostnað sem miðar að því að tryggja heilsu starfsmanna svo sem vegna


forvarnaraðgerða, læknisskoðana og beinna framlaga til starfsmanna í formi íþróttastyrkja.

Það ber að athuga að eins og frumvarpstextinn er orðaður tekur frádráttarheimildin eingöngu til lögaðila. Ríkisskattstjóri leggur þann skilningi í hugtakið lögaðili í þessu sambandi að eingöngu sé átt við lögaðila samkvæmt 2. gr. laganna og að ákvæðið myndi þannig ekki taka til einstaklinga í sjálfstæðri starfsemi.

Frumvarpið gefur að öðru leyti ekki tilefni til athugasemda af hálfu ríkisskattstjóra.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Ingvar J. Rögnvaldsson


Guðrún J. Jónsdóttir



Alþingi
Erindi nr. P 135/668
komudagur 3.12.2007

30. nóvember 2007
SI-36606

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Með bréfi dags. 19. nóvember 2007 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir álit Seðlabanka Íslands á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, 42. mál, íþróttastyrkir og heilsuvernd.


Með frumvarpinu yrðu íþróttastyrkir, sem starfsmaður fær, frádráttarbærir frá skatttekjum hans, og íþrótt- og heilbrigðisútgjöld vegna starfsmanna yrðu frádráttarbær frá tekjum atvinnurekanda.

Tillagan er í grundvallaratriðum um aðgerðir í heilbrigðismálum og sem slík er ekki á verksviði Seðlabankans. Í annan stað fjallar hún hins vegar um eftirgjöf á ríkistekjum. Í þriðja lagi væri samþykkt hennar ávísun á auknar flækjur og eftirlit í skattakerfmu. Vegna tekjutaps ríkissjóðs er afar æskilegt að slíkri tillögu fylgi áætlun um fjárhagsleg áhrif af samþykkt hennar. Enn erfiðara yrði að greina ábata, sem er þó jafnmikilvægt.

Seðlabankinn tekur ekki afstöðu til heilbrigðisþáttar tillögunnar, enda samrýmist það ekki hlutverki hans. Bankinn varar hins vegar almennt við því að tillögur með óljós áhrif á fjárhag ríkissjóðs fái framgang nema eftir greiningu á kostnaði og gagnsemi, eftir því sem færi eru á. Ennfremur bendir bankinn á þá kosti sem fylgja einföldu skattakerfi.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Eiríkur Guðnason
bankastjóri


Ingimundur Friðriksson
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Alþingi
Erindi nr. P 135/822
komudagur 5.12.2007




Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-11
150 REYKJAVÍK

2. nóvember 2007

Frumvarp til laga um tekjuskatt, 42.mál íþróttastyrkir og heilsuvernd

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu telja efni þessa frumvarps í takt við tíðarandann og hegðun fyrirtækja sem leggja kapp á að starfsfólkið, sem er lykill að velgengni þeirra, sé heilbriggt og lifi heilsusamlegu lífi. Nýlega hafa stór aðildarfyrirtæki SVÞ í verslun undirritað sameiginlega yfirlýsingu þar sem þau staðfesta að þau munu annars vegar stuðla að framboði hollra vara fyrir neytendur og hins vegar hvetja þá og starfsmenn til að auka hreyfingu til þess að öðlast betri heilsu og minnka yfirvigt. Samtökin telja eðlilegt að skoða þessi mál og gera engar athugasemdir við þetta frumvarp.

Virðingarfyllst,



Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 135/738
komudagur 4.12.2007

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2007
IKP/SLB/019/07

Efni: Umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um frumvarp til laga um tekjuskatt, 42. mál, íþróttastyrkir og heilsuvernd.

Við er til bréfs efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 19. nóvember 2007, þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um frumvarp til laga um tekjuskatt, 42. mál, íþróttastyrki og heilsuvernd.

Stofnunin hefur engar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



Sigríður Lillý Baldursdóttir
starfandi forstjóri

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/666
komudagur 3.12.2007



**VIÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS**

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, með síðari breytingum.

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifærl að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagt er til að kostnaður sem lögaðilar bera og miða að því að tryggja heilsu starfsmanna sinna verði frádráttarbær frá skatti.

Viðskiptaráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs